

# HEIMILDIR SAMKEPPNISEFTIRLITSINS TIL ÍHLUTUNAR Á MÖRKUÐUM

Morgunverðarfundur um inngríp stjórnvalda á mörkuðum

26. apríl 2016

Heiðrún Lind Marteinsdóttir hdl.



LÖGMANNSSTOFA

# EFNI FRAMSÖGU

- Markmið samkeppnislöggjafar
- c-liður 1. mgr. 16. gr. samkeppnislaga
- Heimildir erlendra samkeppnisyfirvalda
- Friðhelgi eignarréttar

# MARKMIÐ SAMKEPPNISLÖGGJAFAR

- 1. gr. samkeppnislaga
  - Lög þessi hafa það markmið að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþáttu þjóðfélagsins.
- Þættir sem geta talist skaðlegir samkeppni – forsendur samkeppnislöggjafar
  - Samkeppnishamlandi samningar (10. gr.)
  - Misnotkun á markaðsráðandi stöðu (11. gr.)
  - Samrunar (17. gr.)
  - Opinberar samkeppnishömlur (8., 14. og 18. gr.)

# 1. MGR. 16. GR. SKL.

- „Samkeppniseftirlitið getur gripið til aðgerða gegn:
  - a. samningum, skilmálum og hvers konar athöfnum sem brjóta í bága við bannákvæði laga þessara, sáttir eða ákvarðanir sem teknar hafa verið samkvæmt þessum lögum, **[OK]**
  - b. athöfnum opinberra aðila að því marki sem þær kunna að hafa skaðleg áhrif á samkeppni að því tilskildu að sérlög hafi ekki að geyma sérstakar reglur um heimild eða skyldu til slíkra athafna, **[OK]**
  - c. aðstæðum eða háttsemi sem kemur í veg fyrir, takmarkar eða hefur skaðleg áhrif á samkeppni almenningi til tjóns. Með aðstæðum er m.a. átt við atriði sem tengjast eiginleikum viðkomandi markaðar, þ.m.t. skipulag eða uppbyggingu fyrirtækja sem á honum starfa. Með háttsemi er átt við hvers konar atferli, þ.m.t. athafnaleysi, sem á einhvern hátt hefur skaðleg áhrif á samkeppni á markaði þrátt fyrir að ekki sé brotið gegn bannákvæðum laganna.“ **[HA?]**

# C-LIÐUR 1. MGR. 16. GR. SKL.

- Forsendur löggjafans fyrir heimild til íhlutunar án brots
  - Hér varð hrún
  - Yfirburðastaða fyrirtækis sem slík kann að raska samkeppni
  - Þegjandi samhæfing á fákeppnismarkaði kann að raska samkeppni
  - ...og svo er þetta heimilt í Noregi, Bandaríkjum og á Bretlandi
- Á þessari lagaheimild byggja markaðsrannsóknir SE
  - Hvergi vikið að markaðsrannsóknum í lögunum
  - Engin sérstök heimild til reglusetningar SE
  - SE setur reglur, hefur frumkvæði að rannsókn, stýrir rannsókn og tekur ákvörðun um íhlutun í eignarrétt – ekki skilgreint sem meiriháttar ákvörðun sem þarf að bera undir stjórn SE skv. starfsreglum stjórnar

# ERLEND SAMKEPPNISLÖGGJÖF

- Heimild norskra samkeppnisлага § 14:
  - „If necessary to promote competition in the markets, the King may by regulation intervene against terms of business, agreements or actions that restrict or are liable to restrict competition contrary to the purpose of the Act.“
  - Umdeilanleg heimild – rök norska löggjafans:
    - Ekki unnt að útiloka röskun á samkeppni þó ekki sé um að ræða brot gegn lögnum
    - Tilvik þar sem erfitt er að sanna brot
  - Ein reglugerð frá 2007 – *Forskrift om forbod mot bonusprogram i innanriks luftfart* (endurskoðun 2012)
  - Ekki heimild til breytinga á skipulagi nema um brot gegn lögnum sé að ræða, sbr. § 12.

# ERLEND SAMKEPPNISLÖGGJÖF

- Heimild bandarískra samkeppnisyfirvalda
  - Að mestu hefðbundin bannákvæði í Sherman Act og Clayton Act
  - Í athugasemdum frumvarps íslenska ákvæðisins var vísað til 5. gr. laga um Federal Trade Commission.
    - § 45. Unfair methods of competition unlawful; prevention by Commission (Sec. 5)
      - (1) Unfair methods of competition in or affecting commerce, and unfair or deceptive acts or practices in or affecting commerce, are hereby declared unlawful.
      - (2) The Commission is hereby empowered and directed to prevent persons, partnerships, or corporations, [...] from using unfair methods of competition in or affecting commerce and unfair or deceptive acts or practices in or affecting commerce.

# ERLEND SAMKEPPNISLÖGGJÖF

- Heimild breskra samkeppnisyfirvalda í Enterprise Act 2002, Part 4
  - Skýr og ítarleg lagaákvæði (131.-184. gr.)
  - Guidelines (116 bls.) og Supplemental Guidance (41 bls.)
  - Meginregla að upphaf markaðsrannsókna (*market investigation*) byggi á markaðsskýrslum (*market research*)
  - Aðgreining aðila sem vinna markaðsskýrslur og leggja til markaðsrannsókn annars vegar og aðila sem framkvæma markaðsrannsókn hins vegar
    - „...key decisions in market studies and subsequent market investigations are made by separate groups within the CMA.“ (áður OFT → CC)
  - Afmarkaður tími – 18 mánuðir
  - Varfærin framkvæmd – 18 rannsóknir, þar af 2 mál sem leitt hafa til breytinga á skipulagi (flugvellir og sement). Meginþungi á:
    - Löggjöf og reglusetningu
    - Aukna upplýsingagjöf til neytenda

# FRIÐHELGI EIGNARRÉTTAR

- 72. gr. stjórnarskrár
  - „Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til bess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.“
- Er c-liður 1. mgr. 16. gr. skl. nægilega skýr til íhlutunar í eignarrétt? Löggjafinn telur svo, en ...
  - Er almenningsþörf?
    - Dómstólar endurskoða ekki ákvörðun löggjafa um hvort takmörkun eignarréttar sé í þágu almenningsþarfa – EN taka afstöðu til sjónarmiða sem liggja til grunvallar lagasetningu og hvort hún gengur of langt til að ná settu markmiði.
  - Eru lagafyrirmælin skýr?
  - Er framkvæmdavaldu veitt of rúmt ákvörðunarvald?
  - Hvernig er takmörkun á eignarrétti í bessu tilviki metin til verðs?

Morgunverðarfundur um inngríp stjórnvalda á mörkuðum  
26. apríl 2016  
Heiðrún Lind Marteinsdóttir hdl.



LÖGMANNSSTOFA